

## 11. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

### 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vinanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vinanda að rúmmáli.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

### 2. gr.

2. málslíður 2. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna svo og um sölu á öðrum vörutegundum, sem inn eru fluttar eða framleiddar hér, og lög þessi ná til.

### 3. gr.

Síðasti málslíður 4. gr. „Sjúkrahúsum má þó ekki selja vin né ómengaðan spiritus“ falli niður.

4. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgreinar 7. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón á vörugæðum og áfengisstyrkleika, þegar um áfengi er að ræða.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vörum þeim, er um ræðir í 1. gr. Viðskiptamenn verzlunarinnar greiði flutningskostnað á vörunum inn-  
anlands.

6. gr.

Á eftir orðunum „inn eru fluttar“ í 12. gr. laganna komi: „eða framleiddar“. Síðasti málsliður sömu gr. orðist svo:

Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Þeim, sem birðir eiga af vörum, er ríkið með lögum þessum öðlast einkarétt til að framleiða eða flytja inn, skal skylt að gefa áfengisverzlun ríkisins skýrslu um birgðir sínar þegar lögín öðlast gildi og enn fremur skal þeim skylt að afhenda henni birgðir sínar, ef hún æskir þess, fyrir matsverð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið felur í sér það nýmæli, að ríkisstjórnin eða áfengisverzlunin fyrir hennar hönd fái einkarétt til að framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar, og enn fremur einkainnflutning á pressugeri.

Ástæður til þess, að hagkvæmt þykir, að ríkisstjórnin fái þenna rétt, eru þær, að það léttir stórum eftirlit með notkun iðnaðaráfengis, að iðnaður þessi sé í höndum ríkisvaldsins. Loks er markaðurinn svo takmarkaður, að ekki eru líkur til, að þessi iðnaður komist á það stig að geta verið samkeppnisfær við erlendar iðnvörur af sama tagi, ef margar stofnanir hafa hann með höndum, þar eð þá væru síður tók á að kosta til tækja og sérþekkingar sem skyldi.

Áfengisverzlunin ein hefir undanfarið haft rétt til framleiðslu á bökunardropum og hárvötnum, þar sem notaður er spiritus til framleiðslunnar, en án hans heppnast vart upplausn á hinum nothæfu efnun, svo sem skyldi.

Áfengisverzlunin hefir þegar komið sér upp lítilli efnarannsóknastofu og hefir efnafræðing í þjónustu sinni.

Jafnframt er ætlazt til þess, að einkaréttur sá, sem hér um ræðir, leiði til nokkurrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Einkasala með pressuger er ætlazt til, að leiði til þess, að örðugra verði fyrir bruggara að ná í þessa vöru til hinnar ólöglegu iðju sinnar.

Ekki þykir ástæða til að þvinga sjúkrahús til þess að kaupa vinnanda frá lyfjabúðum, ef þau á annað borð komast ekki af án hans.